



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 17. apríl 2020

Tímabundin lokun félagaskipta vegna COVID-19 frá 17. apríl 2020

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 16. apríl sl., samþykkti stjórn að óska eftir því við FIFA að félagaskiptatímabilið 22. febrúar til 15. maí 2020 verði sett á bið og lokað verði tímabundið fyrir félagaskipti á meðan ekki liggur fyrir hvenær mótahald hefist. Opnað verði fyrir félagaskipti aftur samkvæmt síðari ákvörðun þegar betur stendur á svo félagaskiptatímabilið komi til með að þjóna tilgangi sínum fyrir tímabilið 2020. Rétt rúmar fjórar vikur eru eftir að núverandi félagaskiptatímabili sem gætu betur nýst þegar ljóst liggur fyrir hvenær Íslandsmót hefjast.

Með bréfi frá FIFA, dags. 17. apríl 2020, var beiðni KSÍ um tímabundna lokun félagaskiptagluggans samþykkt. Gerir það að verkum að þær fjórar vikur (28 dagar) sem eftir voru af félagaskiptatímabilinu 22. febrúar til 15. maí verður hægt að nýta þegar fyrir liggur hvenær mótahald hefist.

Frá og með deginum í dag, 17. apríl 2020, er því lokað tímabundið fyrir félagaskipti í öllum aldursflokkum en opnað verður á ný samkvæmt síðari ákvörðun. Tilkynnt verður um það síðar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

A handwritten signature in blue ink that reads 'Haukur Hinriksson'.

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.